

LÖG

um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, lögum um málefni aldraðra og lögum um sjúkratryggingar (dvalarrými og dagdvöl).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. 2. tölul. orðast svo: *Almenn heilbrigðisþjónusta:* Heilsugæsla, almenn sjúkrahúsþjónusta og þjónusta og hjúkrun á hjúkrunarheimilum, í hjúkrunar- og dvalarrýmum stofnana og í dagdvöl.
- b. Í stað orðsins „sjúkrahúsi“ í 9. tölul. kemur: heilbrigðisstofnun.
- c. Við bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
 13. *Dvalarrými:* Rými á hjúkrunarheimili eða heilbrigðisstofnun þar sem þeim er hjúkrað sem þarfnast umönnunar og meðferðar sem hægt er að veita utan sjúkrahúsa, en þó ekki í þeim mæli sem veitt er í hjúkrunarrými.
 14. *Dagdvöl:* Stuðningsúrræði fyrir þá einstaklinga sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima.

2. gr.

Á eftir 16. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 16. gr. a og 16. gr. b, svohljóðandi, ásamt fyrirsögnum:

a. (16. gr. a.)

Dvalarrými.

Í dvalarrýmum skal vera aðstaða fyrir hjúkrun, læknishjálp og endurhæfingu fyrir sjúkra-tryggða einstaklinga sem metnir hafa verið í þörf fyrir þjónustu í dvalarrými. Enginn getur dvalið til langframa í dvalarrými nema að undangengnu mati færni- og heilsumatsnefndar á þörf fyrir dvöl skv. 15. gr. laga um málefni aldraðra.

b. (16. gr. b.)

Dagdvöl.

Í dagdvöl skal veitt hjúkrunarþjónusta og vera aðstaða til þjálfunar og lækniþjónustu. Um frekari þjónustu í dagdvöl vísast til 3. tölul. 1. mgr. 13. gr. laga um málefni aldraðra. Enginn getur notið þjónustu í dagdvöl nema að undangengnu mati faglegs inntökuteymis samkvæmt lögum um málefni aldraðra.

II. KAFLI

Breyting á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

3. gr.

Við 13. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 3. tölul. 1. mgr. er heimilt að samþykkja dvöl einstaklinga sem eru yngri en 67 ára í dagdvöl enda liggi fyrir mat á þörf þeirra fyrir slíka dvöl.

Enginn getur notið þjónustu í dagdvöl nema að undangengnu mati faglegs inntökuteymis.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um faglegt inntökuteymi og skilyrði við mat á þörf fyrir dagdvöl.

4. gr.

1. másl. 3. mgr. 14. gr. laganna orðast svo: Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að samþykkja dvöl einstaklinga sem eru yngri en 67 ára í hjúkrunar- og dvalarrýmum hjúkrunarheimila og í hjúkrunar- og dvalarrýmum stofnana enda liggi fyrir mat á þörf þeirra fyrir slíka dvöl skv. 15. gr.

5. gr.

Í stað orðanna „óskertum grunnlífeyri einstaklings samkvæmt almannatrygginglögum“ í 1. másl. 19. gr. laganna kemur: 18% af fullum ellilífeyri skv. 23. gr. laga um almannatryggingar.

6. gr.

Í stað orðanna „rýmum fyrir aldraða“ í 24. gr. laganna kemur: hjúkrunarrýmum, dvalarrýmum og dagdvöl.

III. KAFLI

Breyting á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum.

7. gr.

24. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Þjónusta í hjúkrunarrýmum, dvalarrýmum og dagdvöl.

Sjúkratrygging tekur til þjónustu sem veitt er í hjúkrunarrýmum, dvalarrýmum og dagdvöl sem samið hefur verið um skv. IV. kafla. Skilyrði er að mat á þörf sjúkratryggðs fyrir þjónustuna hafi farið fram samkvæmt lögum um málefni aldraðra.

8. gr.

Í stað orðanna „rýmum fyrir aldraða“ í 1. mgr. 38. gr., 1. mgr. 39. gr. og 4. mgr. 43. gr. laganna kemur: hjúkrunarrýmum, dvalarrýmum og dagdvöl.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. desember 2018.

Guðni Th. Jóhannesson.
(L. S.)

Svandís Svavarsdóttir.